

Nd.

79. Frumvarp til laga

[60. mál]

um breyting á lögum nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Björn Ólafsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr liður, er verður h-liður, svo hljóðandi:
Veltuútsvar og eignarútsvar, sem greitt hefur verið á árinu.

2. gr.

Við b-lið 10. gr. laganna bætist:

Félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg eða vinnslu sjávarafurða að aðal-
atvinnu, mega draga rekstrartap frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Lagt hefur verið fram frv. til 1. um breyting á lögum um útsvör, nr. 66 1945, þess efnis, að veltuútsvar og eignarútsvar skuli dregið frá hreinum tekjum gjaldþegns, áður en útsvar er á lagt. Visast til greinargerðar með því frumvarpi. Sjálf-sagt þykir, að útsvör þessi skuli einnig dregin frá hreinum tekjum, áður en tekju-skattur er á lagður.

Um 2. gr.

Nú er heimilað í lögum, að rekstrartap megi flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt.

Þessi heimild fyrir félög og einstaklinga til þess að vinna upp tap á atvinnu-
rekstri hefur reynzt ófullnægjandi fyrir þá, sem hafa sjávarútveg eða vinnslu sjávar-
afurða að aðal-atvinnu. Undanfarið hefur taprekstur verið mikill í þessum atvinnu-
greinum ár eftir ár, og kemur því að litlu gagni, þótt heimilað sé að flytja tap
milli ára um tvenn áramót. Er því brýn nauðsyn og fullkomin sanngirniskrafa,
að þessir atvinnurekendur megi draga tap frá skattskyldum tekjum, unz það er
að fullu greitt, án tillits til þess árafjölda, sem þarf til að vinna upp tapið.